

Hellubraut 3 lóðamál  
málsnr. 2001372

Saga lóðar

Þann 15. apríl 1925 er fært í þinglýsingarbækur, erfðafestubréf, byggt á landaskiptabréfi dags. 18. feb. 1919 vegna landaskipta milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Jófríðastaða, Sigurðar Jónssonar leigð lóð til erfðafestu af hálfu eiganda Jófríðarstaða, 410,5 m<sup>2</sup> lóð sá hluti lóðarinnar sem liggur í landi Jófríðarstaða.


21. okt. 1983 selur sér George f.h. Compagnie de Marie, með afsali til Krístrúnar Birgittu Kristjánsdóttur 414,56 m<sup>2</sup> af væntanlegri lóð við Hellubraut 3. Kaupandi hafði þá haft á erfðafestu lóð frá sama aðila sem er mun stærri lóð en sýnir á mæliblaði sem átti að fylgja afsalinu. Erfðafestan fellur niður á seldum m<sup>2</sup> en erfðafestusamningurinn gildir að öðru leyti. *Afsalið er þinglýst.*

23. okt. 1983 selur Jóhann Jóhannson Hellubraut 7, til Krístrúnar Birgittu Kristjánsdóttur, 46,75 m<sup>2</sup> skika á suðurhluta lóðarinnar. Skiki milli lóðanna nr. 7 og 3. (Í dag milli lóðanna 3 og 5). *Afsalið þinglýst.*

Með kaupsamningi dags. 19.11.1986 milli bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og Krístrúnar Kristjánsdóttur og Arinbjörns Kristjánssonar, keypti bæjarsjóður húseignina við Hellubraut 3 þ.e. gamla timburhúsið ásamt bílgeymslu og lóðarréttindi að 910 m<sup>2</sup> lóð. Hluti þeirra lóðar 753,6 m<sup>2</sup> var erfðafestulóð frá Compagnie de Marie og er þeim hluta lóðarinnar afsalað til bæjarins til eignar. *(Dæmið gengur ekki alveg upp, þar sem eigendur höfðu keypt land af eigendum Jófríðarstaða eins og ofan greinir.ath.semd.ló)*

28. jan. 1987: Yfirlýsing bæjarins um Hellubraut 3 og Hamarsbraut 4 ný lóð, gamla timburhúsið sem talinn var mhl 01 á lóðinni Hellubraut 3 ásamt bílgeymslu er fluttur yfir á lóðina Hamarsbraut 4. Nýja húsið á Hellubraut 3 er talinn vera mhl 02 og fylgir 414,6 m<sup>2</sup> lóð sem er eignarlóð.

28. apríl 1987, afsal milli Compagnie de Marie og bæjarins úr landi Jófríðarstaða, 753,6 m<sup>2</sup> lóð sem áður tilheyrði Hellubraut 3. *(Þannig að lóðin hefur verið fyrir breytingu 1168,2 m<sup>2</sup> að stærð, ath.semd ló).*



Lóðin er í dag skráð 414,6 m<sup>2</sup> að stærð, mæliblaðið sýnir 0,3 m<sup>2</sup> stærri lóð eða 414,9 m<sup>2</sup>.

Aflýsa þarf erfðafestusamningi á lóðinni Hellubraut 3, þinglýsingarnr. 436-A-01321, (vantar ártal í þinglýsingarbókum), þar sem lóðin Hellubraut 3 ætti að vera eignarlóð.

Hafnarfirði, 17. nóv.2020/ló

